



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Alþingi
101 Reykjavík

Reykjavík, 24. maí 2024

Efni: Umsögn safnaráðs vegna 941. máls - Tillaga til þingsályktunar um eflingu og uppbyggingu sögustaða frá menningar- og viðskiptaráðherra.

Safnaráð hefur fjallað um tillögu til þingsályktunar um eflingu og uppbyggingu sögustaða frá menningar- og viðskiptaráðherra. Ráðið fagnar tillögunni og að því sé hugað að efla og festa sögustaði í sessi sem áhugaverða áfangastaði fyrir ferðamenn, enda er menning og skapandi greinar mikilvægur þáttur í ferðaþjónustu almennt. Til dæmis má þess geta að 34% erlendra ferðamanna heimsækja söfn á ferð sinni til Íslands (<https://www.ferdamalastofa.is/is/rannsoknir/ferdavenjur-erlendra-ferdamanna/ferdamenn-a-islandi-mai-desember-2022>).

Safnaráð vill vekja athygli á því að starfsemi safna annars vegar og sögustaða hins vegar eru oft á tíðum samofin, enda er skilgreining þeirra mjög keimlík samkvæmt þessari þingsályktunartillögu: „Með orðinu sögustaður í þessari þingsályktunartillögu er átt við stað sem hefur gegnt mikilvægu hlutverki í sögunni og skipar sérstakan sess í sögu lands og þjóðar eða er á annan hátt til þess fallinn að gefa fólki kost á að minnast þess liðna og skapa samkennd meðal þjóðarinnar“.

Fjölmörg viðurkennd söfn og söfn í ríkiseigu eru með starfsemi sem tengjast sögustöðum og með miðlun sinni, þekkingu og safnkosti geta varpað ljósi á það af hverju ákveðnir staðir á landinu skipa þennan sérstaka sess sem raun ber vitni. Því væri vel á því að við framkvæmd þessarar tillögu yrði leitað til viðeigandi safna, þar liggur þekkingin og eru þau sérfræðingar í að miðla menningararfinum á fjölbreyttan hátt, með „upplifun, skapandi og stafrænni miðlun menningar og sögu“ svo vitnað sé í tillögunu.

Fyrir hönd safnaráðs,

Þóra Björk Ólafsdóttir
Framkvæmdastjóri safnaráðs